

**Akureyri**

**08.01.2019**

**Erindi:** Glerárskóli við Höfðahlíð – breyting á aðalskipulagi v/viðbyggingar leikskóla

Teiknistofan Kollgáta ehf. óskar fyrir hönd Umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrar eftir því að breyting verði gerð á skilgreiningu svæðis sem liggur vestan grunnskólasvæðis S27 og afmarkast af Drangshlíð að vestan, grunnskólasvæði að austan, Höfðahlíð að sunnan og íþróttasvæði Þórs (ÍP5) að norðan.

Svæðið er u.þ.b. 9600m<sup>2</sup> að flatarmáli og er í aðalskipulagi skilgreint sem óbyggt svæði (ÓB) með gulum lit.

Óskað er eftir því að þessu svæði verði bætt við svæði S27 þannig að hægt verði að skipuleggja byggingarreit fyrir nýja viðbyggingu leikskóla sem áætlað er að verði sambyggður við núverandi byggingar Glerárskóla.

Fyrir hönd Kollgátu ehf.

---

Ingólfur F. Guðmundsson